

# LÖG

## um breytingar á lögum er varða rétt til endurgreiðslu og vaxta af ofteignum sköttum og gjöldum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Endurgreiðsla skv. 1. eða 2. mgr. skal taka hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun á lánskjaravísitölu sem í gildi er á miðju því tímabili þegar staðgreiðslan var innt af hendi og lánskjaravísitölu sem í gildi er þegar endurgreiðslan fer fram.

#### II. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 112. gr. laganna:

- a. 2. másl. 2. mgr. orðast svo: Skulu vextir þessir vera jafnháir hæstu vöxtum óbundinna sparireikninga á hverjum tíma.
- b. Í stað orðsins „inneignarvextir“ í 3. másl. 2. mgr. kemur: vextir.
- c. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Sé kæra til meðferðar hjá yfirskattanefnd og nefndin leggur ekki úrskurð á kæru innan lögboðins frests skv. 1. og 2. mgr. 8. gr. laga nr. 30/1992 skal greiða skattaðila dráttarvexti af fjárhæð sem yfirskattanefnd úrskurðar að skuli endurgreiða, eða dæmd er síðar, frá þeim tíma þegar frestur nefndarinnar til að kveða upp úrskurð leið.

Ætíð má krefjast dráttarvaxta frá þeim tíma er dómsmál telst höfðað til endurgreiðslu skatta samkvæmt lögum þessum.

#### III. KAFLI

### Breyting á lögum nr. 30/1992, um yfirskattanefnd, með síðari breytingum.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Ef umsögn og greinargerð ríkisskattstjóra berst ekki fyrir lok frests skv. 3. mgr. 6. gr. skal þriggja mánaða fresturinn reiknast frá lokum þess frests.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Nú hefur yfirskattanefnd ákveðið sérstakan málflutning skv. 2. mgr. 7. gr. og skal frestur skv. 1. mgr. þá vera sex mánuðir og skal nefndin senda aðilum máls tilkynningu um þá ákvörðun sína.

IV. KAFLI  
**Gildistaka.**

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1996 og taka til ofgreiðslu sem á sér stað eftir það tíma-  
mark.

*Gjört í Reykjavík, 6. mars 1995.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verði á 2. gr. laganna, sbr. 43. gr. laga nr. 111/1992, 34. gr. laga nr. 122/1993 og 1. gr. laga nr. 74/1994:

- a. Í stað hlutfallstölunnar „3%“ í 1. mgr. komi: 3,05%.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Í sérstökum gjaldflokki skulu vera fiskveiðar, iðnaður, landbúnaður, hugbúnaðar-  
iðnaður, kvikmyndaiðnaður, gisting, veitingarekstur og útleiga bifreiða, sbr. upptal-  
ingu atvinnugreinanúmera í viðauka I við lög þessi.

2. gr.

3. mgr. 12. gr. laganna, sbr. 37. gr. laga nr. 122/1993, orðast svo:

Vegna tryggingagjalds á reiknað endurgjald manns sem stundar atvinnurekstur eða sjálf-  
staða starfsemi, maka hans og barna skal stofn gjaldsins vera sú fjárhæð sem greinir í 3.  
mgr. 6. gr. Er ekki skylt að gera sérstaka grein fyrir fjárhæðinni á launaframtali. Skipta skal  
gjaldstofni ársins jafnt á öll geiðslutímabil þess nema önnur skipting komi greinilega fram  
í skattgögnum gjaldanda.

3. gr.

Við lögina bætist svofelldur Viðauki I sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

#### **Viðauki I.**

Í sérstökum gjaldflokki tryggingagjalds skulu vera eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt  
atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands:

- 01.1 Jarðyrkja og garðyrkja.
- 01.2 Búfjárrækt.
- 01.3 Blandaður búskapur jarðyrkju og búfjárræktar.
- 01.5 Dýraveiðar og tengd þjónusta.
- 02 Skógrækt, skógarhögg og tengd þjónusta.
- 05.01 Fiskveiðar.